

# SKIPULAGSNEFND UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU

Samvinnunefnd Bláskógabyggðar, Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps um skipulagsmál.

## FUNDARGERÐ

### 38. FUNDUR

Fimmtudaginn 14. júní 2007, kl. 9 haldinn á Laugarvatni

Nefndarmenn:

Snæbjörn Sigurðsson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Sigurður Ingi Jóhannesson

Gunnar Örn Marteinson

Aðalsteinn Sveinsson

Bláskógabyggð

Grímsnes-og Grafningsshr.

Hrunamannahreppur

Skeiða-og Gnúpverjahr.

Flóahreppur

Skipulagsfulltrúi uppsveita og framkvæmdastjóri skipulagsnefndar:

Pétur Ingi Haraldsson

## FUNDARGERÐ

### Sameiginleg mál

**1. Skipting landa og lóða**

*Lagt fram til kynningar bréf Landbúnaðarráðuneytisins til Flóahrepps varðandi kröfur um gögn við landsskipti.*

**2. Stofnun lóða á afrétti / ofan byggðar.**

*Rætt um stofnun lóða undir fjallaskála á afréttum.*

## Bláskógabyggð

### 3. **Bergsstaðir í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070574317**

Lögð fram að nýju endurskoðuð tillaga Landmótunar að deiliskipulagi frístundalóða í landi Bergsstaða, spilda með landnr. 189405. Málið var áður á dagskrá 22. maí 2007. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem verður auglýst bráðlega. Gert er ráð fyrir tveimur 2 ha lóðum á svæði milli Tungufljóts og Þjóðvegur nr. 358, rétt sunnan við landamerki við Drumboddstaði. Heimilt verður að reisa allt að 150 fm frístundahús og 20-25 fm aukahús á hvorri lóð. Byggingarreitur annarrar lóðarinnar er í 100 m fjarlægð frá árbakka og hinn er lengra frá. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um að leyfi fái st fyrir neysluvatnstengingu.

### 4. **Einholt II í Biskupstungum. Flugvöllur.**

Lögð fram beiðni Kristjáns Einis Traustasonar um að opna flugvöll í landi Einholts II. Leyfi sveitarstjórnar þarf að vera til staðar áður en flugmálastjórn tekur völinn út. Flugvöllurinn er þegar til staðar en hann verður notaður sem einkaflugvöllur en opinn til neyðarlendingar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að flugvöllur verði leyfður á þessum stað.

### 5. **Haukadalur II í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundabyggðar austan Geysis, Flugbrautarvegur.**

Lögð fram tillaga Péturs H. Jónssonar að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Haukadals II. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir fjórum 0,5 ha frístundahúsalóðum á 2 ha svæði meðfram Flugbrautarvegi, við norðurenda aflagðrar flugbrautar austan við Geysi. Heimilt verður að reisa allt að 130 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús, hámarksnýtingarhlutfall má vera 0.03. Tillagan var í kynningu frá 14. desember 2006 til 11. janúar 2007 með fresti til athugasemda til 25. janúar. Breyting á aðalskipulagi svæðisins var auglýst samhliða og hefur sú tillaga verið staðfest af umhverfisráðuneytinu. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

### 6. **Kjarnholt III í Biskupstungum. Lóð utan um fasteignir ferðaþjónustu. 20070613351**

Lagt fram lóðablað sem unnið er af Pétri H. Jónssyni yfir tæplega 7 ha land umhverfis fasteignir ferðaþjónustunnar í Kjarnholtum. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

### 7. **Laugarás í Biskupstungum. Breyting á deiliskipulagi við Bæjarholt.**

Lögð fram tillaga Péturs H. Jónssonar að breytingu á deiliskipulagi lóða við Bæjarholt í Laugarási. Í breytingunni felst breyting á byggingarreitum. Afgreiðslu frestað.

- 8. Miklaholt í Biskupstungum. Deiliskipulag íbúðarhúss, hesthúss og skemmu. 2007066359**  
*Lögð fram tillaga VST að deiliskipulagi í landi Miklaholts í Biskupstungum. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsum, lóð fyrir hesthús auk byggingarreits fyrir stækkun á fjósi, vélageymslu og starfsmannaaðstöðu. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.*
- 9. Reykholt í Biskupstungum, lóð Friðheima. Breyting á deiliskipulagi. 20070656360**  
*Lögð fram tillaga Péturs H. Jónssonar að breytingu á deiliskipulagi Reykholts, á lóð Friðheima. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til að koma fyrir raðhúsi með útleiguíbúðum. Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu*
- 10. Skálholt í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundabyggðar, Borgarhólar. 20070610361**  
*Lögð fram tillaga Landslags að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálholts, svæði sem kallast Borgarhólar. Skipulagssvæðið er um 110 ha að stærð og er þar gert ráð fyrir 99 lóðum á bilinu 0,5 - 0,8 ha að stærð. Heimilt verður að reisa hús á bilinu 60 – 180 fm á hverri lóð og 25 fm aukahús. Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki fara upp fyrir 0.03. Gert er ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi fyrir húsabyrpingar. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem sveitarstjórn samþykkti að auglýsa 3. október 2006. Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði lögð fyrir að nýju í kjölfar kynningarfundar sem haldinn var um tillöguna nú í byrjun júní. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar varðandi upplýsingar í greinargerð um neysluvatn. Leitað verður umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins um tillöguna.*
- 11. Laugarvatn í Laugardal. Fyrirspurn um smáhýsi við Háholt 10C**  
*Lögð fram að nýju fyrirspurn frá Sigurði St. Helgasyni um möguleikann á að setja upp 14 fm smáhýsi (3,8 x 3,8m) á lóð 10C við Háholt. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og vísar því til nánari stefnumörkunar sveitarstjórnar um slík hús í þéttbýlum sveitarfélagsins.*
- 12. Miðfell í Þingvallasveit. Frístundahús og bátaskýli, Víðistekkur 6.**  
*Lögð fram tillaga að nýju frístundahúsi og bátaskýli á lóðinni Víðistekkur 6 í landi Miðfells í Þingvallasveit sem samkvæmt fasteignamati er 1.938 fm. Frístundahúsið er 92,8 fm og er bátaskýlið 32 fm, nýtingarhlutfall er því um 0.064. Á fundi skipulagsnendar þann 19. október 2006 var samþykkt að við veitingu byggingarleyfa á svæðum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skuli miða við að nýtingarhlutfall lóða skuli almennt ekki fara upp fyrir 0.03. Þessi samþykkt var staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 7. nóvember 2006. Skipulagsnefnd hafnar málinu þar sem það er ekki í samræmi við samþykktir nefndarinnar og sveitarfélagsins.*

**13. Mjóanes í Þingvallasveit. Deiliskipulag frístundabyggðar. 2007066354**

*Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Mjóaness í Þingvallasveit. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 20 frístundahúsalóðum á um 55,4 ha svæði, 18 eru um 3 ha, ein er 1,2 ha og ein er 2.000 m<sup>2</sup>.*

*Umsagnir Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar liggja fyrir. Tillagan var í kynningu frá 19. október til 16. nóvember með athugasemdafrest til 30. nóvember. Athugasemdir bárust frá 5 aðilum sem allir eru núverandi eigendur að hluta landsins eða verðandi eigendur að einstökum lóðum. Gerð er athugasemd við afmörkun lóða, fjarlægð byggingarreita frá vatni og legu vega.*

*Tillagan er nú lögð fram með ákveðnum breytingum, m.a. til að koma til móts við innkomnar athugasemdir. Fjöldi lóða breytist ekki en stærð, afmörkun og staðsetning nokkurra lóða breytist líttilega. Einnig er gert ráð fyrir að á nokkrum lóðum verði heimilt að byggja nær Þingvallavatni en 100 m þar sem það fellur betur að landi, sbr. ákvæði aðalskipulags.*

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að lóð nr. 15 fellur út þar sem hún er ekki innan skilgreinds frístundabyggðarsvæðis í aðalskipulagi.*

## Grímsnes-og Grafningshreppur

- 14. Ásgarður í Grímsnesi. Dæluhús, breyting á deiliskipulagi.**  
*Lögð fram tillaga Landhönnunar að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnesi, land búgarðs. Í tillögunni felst að bætt er við lóð fyrir dæluhús OR við Þórstíg.  
Skipulagsnefnd telur breytinguna vera óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin verður kynnt lóðarhafa á lóð 5b við Þórsstíg..*
- 15. Göltur í Grímsnesi. Fyrirspurn um gerð bátaskýlis.**  
*Lögð fram byggingarleyfisteikning fyrir bátaskýli á lóð úr landi Galtar í Grímsnesi. Óskað er eftir álitni skipulagsnefndar á því hvort að húsið samræmist skilmálum deiliskipulagsins.  
Þar sem ekki eru til nákvæm skilgreining á hvernig bátaskýli á að vera þá telur skipulagsnefnd ekki ástæðu til að hafna teikningunni enda verður húsið eingöngu nýtt sem slíkt.*
- 16. Miðengi í Grímsnesi. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070292204**  
*Lögð fram að nýju tillögu Péturs H. Jónssonar að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðengis. Gert er ráð fyrir 16 lóðum á bilinu 0,7 -0,9 ha á 18,5 ha svæði á horni Biskupstungnabrautar og aðkomuvegi að Miðengi. Heimilt verður að reisa 50-150 fm frístundahús og allt að 25 fm aukahús, en nýtingarhlutfall lóðar má ekki vera hærra en 0.03. Tillagan er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa. Fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.  
Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarmála með fyrirvara um að svæði fyrir gáma verði bætt við og að heimilt verði að reisa allt að 40 fm aukahús.*
- 17. Minni-Borg í Grímsnesi. Lóðablað yfir 1862 fm lóð. 200706100352**  
*Lagt fram lóðablað yfir 1.862 fm lóð úr landi Minni-Borgar sem liggur upp að Sólheimavegi.  
Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.*
- 18. Snæfoksstaðir í Grímsnesi. Dælustöð skv. 3. tl.**  
*Lögð fram tillaga að framkvæmd við dæluhús Orkuveitu Reykjavíkur í landi Snæfoksstaða í Grímsnesi. Dæluhúsið er 36 fm á 261 fm lóð rétt norðan við Biskupstungnabraut, nálægt landamerkjum við Öndverðarnes.  
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.*
- 19. Syðri-Brú í Grímsnesi. Fyrirspurn varðandi uppbyggingu gamals fjárhús.**  
*Lögð fram fyrirspurn Birgis Sigdórssonar um hvort að hann fái heimild til að endurbyggja fjárhús sem er á frístundahúsalóð hans Lækjarbrekku 27. Húsið er sýnt á deiliskipulagsupprætti og ekki kemur fram að rífa eigi húsið.  
Byggingarnefnd hafnaði beiðninni 25. apríl á þeirri forsendu að það væri utan byggingarreits og of stórt til að vera aukahús.*

*Að mati skipulagsnefndar er leyfilegt að viðhalda núverandi húsi á lóðinni þó með þeim skilyrðum að umfang þess aukist ekki.*

**20. Nesjar í Grafningi. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í Meyjarvík.**

*Lögð fram tillaga Péturs H. Jónssonar af tveimur frístundahúsalóðum í Meyjarvík í landi Nesja. Lóðirnar eru báðar 7.500 fm að stærð og er hús á annarri þeirra. Heimilt verður að reisa frístundahús á bilinu 50-200 fm á lóðunum auk allt að 40 fm aukahúss. Neysluvatn er fengið úr borholu á svæðinu og gert er ráð fyrir fráveitu í samræmi við reglugerð nr. 650 frá 2006.*

*Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

**21. Nesjar í Grafningi. Endurnýjun bátaskýlis.**

*Lagðar fram byggingarleyfisteikningar af 53,9 fm bátaskýli á lóð við Þorsteinssvík í landi Nesja í Grafningi. Byggingin kemur í stað eldra húss sem er skráð 20,3 fm í fasteignamati.*

*Að mati skipulagsnefndar er heimilt að endurbyggja bátaskýlið í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.*

## Hrunamannahreppur

- 22. Flúðir, Akurgerði 3. Fyrirspurn um byggingu smáhýsis.**  
*Lögð fram fyrirspurn/beiðni eigenda íbúðarhúss að Akurgerði 3 á Flúðum um leyfi til að reisa 9 fm garðhús (BYKO) um 5 m frá húshorni, til móts við bílskúr, u.þ.b. 4 m frá lóðarmörkum Akurgerðis 1. Fram kemur að eigandi Akurgerðis 1 gerir ekki athugasemd við staðsetningu hússins. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og vísar því til sveitarstjórnar að móta almenna stefnu um slíkar byggingar.*
- 23. Flúðir, Miðhof 2. Fyrirspurn um breytingu á mænishæð. 20070627349**  
*Lögð fram fyrirspurn Einars Harðarsonar um hvort að leyfi fáiist til að fara allt að 50 cm upp fyrir mestu mænishæð á lóðinni Miðhof 2. Samkvæmt deiliskipulaginu er hámarks mænishæð 4,8 m. Skipulagsnefnd telur ekki æskilegt að leyfa hús með hærri mænishæð en gert er ráð fyrir í skilmálum. Hafnað.*
- 24. Flúðir. Deiliskipulag lóðarinnar Grund. 2007042294**  
*Lögð fram tillaga að deiliskipulagi lóða við Grund á Flúðum. Svæðið afmarkast af Skeiðavegi til vesturs, Hrunamannavegi til suðurs, Akurgerði 2 og 3 til austurs og opnu svæði til norðurs. Tillagan var í kynningu frá 26. apríl til 24. maí 2007 með fresti til athugasemda til 7. júní. Ein athugasemd barst og varðar afmörkun lóðarinnar Akurgerði 1. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með smávægilegri breytingu á afmörkun lóðar nr. 1 við Akurgerði.*
- 25. Foss. Lóðablað, íbúðarhúsalóð. 20070622353**  
*Lagt fram lóðablað í mkv. 1:3.000 sem unnið er af Landnot ehf. yfir 0,23 ha lóð umhverfis eldra íbúðarhús á jörðinni Foss. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

## Skeiða-og Gnúpverjahreppur

- 26. Austurhlíð í Gnúpverjahreppi. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða..**  
*Lögð fram tillaga Tekton að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða á um 1 spildu úr landi Austurhlíðar (landnr. 194930). Báðar lóðirnar eru rétt rúmlega 0,5 að stærð og eru vestan vegar sem liggur norður frá bænum Austurhlíð, ofan við áður skipulagða spildu sem kallast Hörgshlíð. Heimilt verður að reisa allt að 150 fm frístundahús með 6,5 m mænishæð á lóðunum auk þess sem á lóð 2 verði heimilt að reisa 8,2 fm baðskýli, 20 fm gestahús og 18 fm óeinangraða skemmu. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að eingöngu verði leyft eitt aukahús á hvorri lóð. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar má vera 0.03.*
- 27. Hamarsheiði II í Gnúpverjahreppi. Deiliskipulag frístundabyggðar á Tranti.**  
*Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á spildu úr landi Hamarsheiðar II. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 5 lóðum á bilinu 1,5 – 2,6 ha. Innan hvernar lóðar eru 1-3 byggingarreitir þar sem heimilt er að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús. Í heild er gert ráð fyrir allt að 8 frístundahúsum á svæðinu. Tillagan var í kynningu frá 26. apríl til 24. maí 2007 með fresti til athugasemda til 7. júní. Tvö athugasemdabréf bárust. Einnig liggur fyrir umsögn skipulagshönnuðar um athugasemdir. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki Heilbrigðisefirlits Suðurlands á vatnsvernd og neysluvatnstöku.*

## Flóahreppur

- 28. Bár í Hraungerðishreppi. Deiliskipulag 17,4 landbúnaðarspildu.**  
*Lögð fram tillaga Verkfræðistofu Suðurlands að deiliskipulagi 17,4 ha spildu úr landi jarðarinnar Bár í Hraungerðishreppi. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir sambyggt íbúðarhús og hesthús auk byggingareits fyrir gripahús og skemmu. Fram kemur í greinargerð að tillagan samræmist ákvæðum aðalskipulags um að heimilt sé að reisa allt að 3 íbúðarhús á hverri jörð, án tengsla við búskap. Einnig kemur fram að fyrir liggi jákvæð umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar við þjóðveg og að leitað hafi verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.*
- 29. Skálmholt í Villingaholtshreppi. Lóðablað, Krækishólar.**  
*Lagt fram lóðablað sem unnið er af Bóðvari Guðmundssyni af 2 ha lóð úr landi Skálmholts í fyrrum Villingaholtshreppi (landr. 193160). Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og skipulagsfulltrúa falið að leita nánari upplýsinga um málið.*
- 30. Langholt í Hraungerðishreppi. Deiliskipulag lögbýlis / íbúðarhúsalóða, Stekkholt 1-3. 20070619356**  
*Lögð fram tillaga Verkfræðistofu Suðurlands að deiliskipulagi 30 ha landsspildu úr landi Langholts í fyrrum Hraungerðishreppi. Í tillögunni er gert ráð fyrir þremur 10 ha landsspildum, Stekkholt 1-3, þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús og hesthús. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 13. júní 2007 var tekin fyrir umsögn um stofnunar lögbýlis fyrir spilduna. Fyrir liggur umsögn Fornleifaverndar dags. 12. september 2006. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, en bendir á að skipulagið mun ekki taka gildi fyrr en fyrir liggur samþykkt um stofnun lögbýlis á svæðinu. Einnig er settur fyrirvari um tengingu svæðisins við hitaveitu Hraungerðishrepps.*
- 31. Breiðholt í Villingaholtshreppi. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða. 20070333259.**  
*Lögð fram tillaga Verkfræðistofu Suðurlands að deiliskipulagi 9.300 fm lóðar (landnr. 204583) úr landi Breiðholts í Villingaholtshreppi. Tillagan var í kynningu frá 26. apríl til 24. maí 2007 með fresti til athugasemda til 7. júní. Engar athugasemdir bárust. Í auglýstri tillögu var gert ráð fyrir að heimilt yrði reisa allt að 100 fm frístundahús á hvorri lóð en nú hefur verið óskað eftir að tillögunni verði breytt þannig að heimilt verði að reisa allt að 150 fm hús. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að hámarksnýtingarhlutfall lóða verði 0.03.*
- 32. Egilsstaðir I í Villingaholtshreppi. Deiliskipulag. 20070616362**  
*Lögð fram tillaga Landhönnunar að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Egilsstaði I. Deiliskipulagið nær yfir 3 svæði innan jarðarinnar og eru þau öll á milli þjóðveggar 302 og Þjórsár. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús og fyrir reiðhöll, auk þess sem gert er ráð fyrir samtals 19*

*útleiguhúsum, þar af 11 allt að 50 fm og 8 allt að 120 fm. Sum húsin eru staðsett þannig að leita þarf undanþágu frá umhverfisráðherra vegna fjarlægðar frá vegi.*

*Að mati skipulagsnefndar eru forsendur til að leita undanþágu þar sem aðstæður í landi eru þannig að erfitt er að uppfylla ákvæði um fjarlægð frá vegi. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar undanþágan liggur fyrir sem og umsögn Vegagerðarinnar.*

**33. Merkulaut 3 í Villingaholtshreppi. Lóðablað**

*Lagt frá lóðablað frá Verkfræðistofu Suðurlands yfir 5.942 fm lóð úr landi Merkulautar 3 (10,2ha sumarhúsalóð með landnr. 166422).*

*Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga. Bent er á að um þessar mundir er verið að skoða áhrif flóða úr Hvítá á þessu svæði og er að svo stöddu ekki víst að heimild fái til að byggja á lóðinni.*

**Fleira ekki tekið fyrir**

**Fundi slitið klukkan kl. 12:30**

**Næsti fundur verður fimmtudaginn 12. júlí 2007**

**Laugarvatni 14. júní 2007**

**Snæbjörn Sigurðsson (8721)**

**Ingvar Ingvarsson (8719)**

**Sigurður Ingi Jóhannsson (8710)**

**Gunnar Örn Marteinnsson (8720)**

**Aðalsteinn Sveinsson (8722)**

**Pétur Ingi Haraldsson**